

7.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn kl. 15:00 14.júlí 2021 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar; Björn G. Torfason Melum 1, Bjarnheiður Júlía Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði sem er í síma. Guðl.A.Ágústsson komst ekki til fundarins og ekki vannst tími til að kalla inn varamann.

Kristjana María Svarfdal Ásbjörnsdóttir ritar fundargerð.

Oddviti óskar heimildar til að leggja fram nokkur erindi sem borist hafa síðan boðað var til fundarins. Var það samþykkt og verða þau mál tekin fyrir sem liðir nr. 11, 12, 13, 14 og 15.

Dagskrá fundarins;

1. Erindi til Jón Jónsson lögfræðing, lagt fram til kynningar.
2. Tilboð í vinnu við bílskúrinn við skólann, hvað við getum látið gera á þessu ári.
3. Sveitaskólinn, erindi frá Elínu Öglu Briem.
4. Niðursetning rotþróa við sumarhús.
5. Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti varðandi innheimtu dráttarvaxta á fasteignaskatta, lagt fram til kynningar og umræðu.
6. Byggðakvóti fyrir fiskveiðiárið 2021 til 2022. Sértekur byggðakvóti sem úthlutað er frá Byggðastofnun?
7. Innviðagreining á Vestfjörðum. Tölvupóstur frá Línu hjá Vestfjarðastofu lagður fram til kynningar og umræðu.
8. Yfir stendur vinna við heimasíðu Árneshrepps. Er áhugi fyrir að setja inn gamlar sögur úr sveitinni.
9. Tölvupóstur frá Ómari Bjarka, lagður fram til kynningar og umræðu.
10. Tilboð í árlega aðalskoðun leiksvæða í Árneshreppi, lagt fram til kynningar og umræðu.
11. Tölvupóstur frá Umhverfisstofnun, lagður frá til kynningar og umræðu.
12. Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, lagt fram til kynningar og umræðu.
13. Bréf frá Vegagerðinni varðandi styrk úr styrkvegasjóði, lagt fram til umræðu.
14. Fundargerð skipulagsnefndar Árneshrepps frá 15.júní 2021, lögð fram til umræðu/samþykktar.
15. Fundargerð skipulagsnefndar Árneshrepps frá 12.júlí 2021, lögð fram til umræðu/samþykktar.

1. Erindi til Jón Jónssonar lögfræðings, lagt fram til kynningar. Húsaleigumál rædd og staðan tekin í næsta mánuði.

248.

1. Tilboð í vinnu við bílskúrinn við skólann, hvað við getum látið gera á þessu ári. Eitt tilboð liggur fyrir. Þarf að ákveða í hvað húsnaði verði notað. Skoða teikningar sem fyrir liggja.
2. Sveitaskólinn, erindi frá Elínu Öglu Briem. Samþykkt var að leggja til skólann til verkefnisins.
3. Niðursetning rotþróa við sumarhús. Hreppsnefnd tekur ekki þátt í kostnaði á niðursetningu rotþróa á sumardvalarstöðum.
4. Bréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti varðandi innheimtu dráttarvaxta á fasteignaskatta, lagt fram til kynningar og umræðu. Þetta á við um þá einstaklinga sem eru komnir í greiðsluskjól en það á ekki við neinn í sveitarfélaginu.
5. Byggðakvóti fyrir fiskveiðiárið 2021 til 2022. Sértekur byggðakvóti sem úthlutað er frá Byggðastofnun? Oddviti skoðar málið.
6. Innviðagreining á Vestfjörðum. Tölvupóstur frá Línu hjá Vestfjarðastofu lagður fram til kynningar og umræðu. Ætti að skoða með rafmagn, hitaveitu og ljósleiðaramál.
7. Yfir stendur vinna við heimasíðu Árneshrepps. Er áhugi fyrir að setja inn gamlar sögur úr sveitinni. Allir samþykkir áframhaldi á vinnu við síðu. Tala við bókasafnsfræðing varðandi bókasafnið í hreppnum.
8. Tölvupóstur frá Ómari Bjarka, lagður fram til kynningar og umræðu. Öllum finnst þetta áhugavert og spennandi.
9. Tilboð í árlega aðalskoðun leiksvæða í Árneshreppi, lagt fram til kynningar og umræðu. Allir sammála um að sleppa þessu.
10. Tölvupóstur frá Umhverfisstofnun, lagður frá til kynningar og umræðu. Athuga hvort hægt sé að kaupa íssogsefni og færslu á olútank.
11. Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, lagt fram til kynningar og umræðu. Þarf að búa til brunavarnaráætlun því við erum ekki með slökkvilið. Spurning hvort hreppurinn þurfi ekki að kaupa dælu til að geta dælt vatni ef þörf er á og rafstöð sem hægt sé að tengja við. Arinbjörn stingur upp á kerru með rafstöð sem geti verið með dælunni og rafstöð. Spurning hvort þurfi ekki að vera ein á hvorum enda. Oddvita er falið að skoða þetta.
12. Bréf frá Vegagerðinni varðandi styrk úr styrkvegasjóði, lagt fram til umræðu. Ráðstafa hluta styrksins til að láta mala ofanburð. Oddviti ætlar að hafa samband við Vegagerð og verktaka.
13. Fundargerð skipulagsnefndar Árneshrepps frá 15.júní 2021, lögð fram til umræðu/samþykktar.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

1.Strandavegur (643) - Vegtengingar við Djúpavík

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

2.Stækkun lóðar í landi Njálstaða

Hreppsnefnd samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

15. Fundargerð skipulagsnefndar 12. júlí 2021 Fundargerð skipulagsnefndar Árneshrepps frá 12.júlí 2021, lögð fram til umræðu/samþykktar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerð skipulagsnefndar.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

249.

#### 1. Breyting á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-202.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 sem felst í breytingu á skilmálum og texta í greinargerð en engar breytingar voru gerðar á uppdrætti. Í greinargerð var gerð breyting á kafla 2.3.5 um Svæði fyrir frístundabyggð/frístundahús. Eftirfarandi breytingar voru gerðar á 1. kafla í „Markmið vegna svæða í frístundabyggð: Fyrir breytingu var eftirfarandi texti fyrir Markmið vegna svæða fyrir frístundabyggð: “1. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun frístundahúsa sem neinu nemur á svæðum fyrir frístundabyggð (2-3 hús), utan Ingólfsfjarðar þar sem gert er ráð fyrir allt að 10 nýjum lóðum fyrir frístundahús. Áfram verði lögð áhersla á viðhald gamalla húsa og aðlögunar þeirra.” Með breytingunni verður texti fyrir markmið vegna svæða fyrir frístundabyggð: „1. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun frístundahúsa sem neinu nemur á svæðum fyrir frístundabyggð (2-3 hús), utan Ingólfsfjarðar þar sem gert er ráð fyrir allt að 10 nýjum lóðum fyrir frístundahús og Dranga þar sem gert er ráð fyrir allt að 14 lóðum fyrir frístundahús. Áfram verði lögð áhersla á viðhald gamalla húsa og aðlögunar þeirra.” Í kafla 2.3.5 um Svæði fyrir frístundabyggð/frístundahús, Landnotkun vegna frístundabyggðar var gerð eftirfarandi breyting á texta fyrir frístundasvæðið FS6: Fyrir breytingu er texti eftirfarandi: “Í landi Dranga Íbúðarhús, eitt frístundahús og x hús. Um 10.00 ha.” Með breytingu varð textinn eftirfarandi: “Í landi Dranga Íbúðarhús, tvö frístundahús og 7 skráð útihús. Gert ráð fyrir 14 lóðum, óbyggt. Um 10.00 ha.” Í kafla 5.6.5. Um ferðaþjónustu er gerð eftirfarandi breyting: Fyrir breytingu var texti um grundvöll ferðaþjónustunnar í Árneshreppi: “7. Tjaldsvæði og salernishús er á Dröngum.” Eftir breytingu varð textinn eftirfarandi: “7. Tjaldsvæði og salernishús er á Dröngum, um 500 metrum norðan við Húsá.”

Tillagan var auglýst frá 18. maí 2021 til og með 29. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ umsögn: Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands.

Náttúrufræðistofnun telur að um sé að ræða umfangsmikla breytingu á landnotkun á svæðinu þar sem stefnt er að því að reisa allmörg ný hús á jörðinni. Þessu mun fylgja töluverð ásýndarbreyting og aukin umsvif sem geta falið í sér hættu á raski og mengunaróhöppum. Að mati stofnunarinnar hefði mátt stíga varfærnari skref t.d. með því að leyfa færri hús til að byrja með þar sem lítið er um mannvirki á svæðinu í dag.

Skipulagsnefnd áréttar að ekki er um breytingu á landnotkun að ræða þar sem umrætt skipulagssvæði er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð í Aðalskipulagi Árneshrepps

2005-2025. Auk þess vekur nefndin athygli á því að við hönnun byggðarinnar var leitast við að halda áhrifum á ásynd í lágmarki og þá metur nefndin að lítil hættu sé á raski og mengunaróhöppum með tilliti til þess að umferð ökutækja verður mjög takmörkuð. Jafnframt bendir nefndin á að þrátt fyrir að á svæðinu sé gert ráð fyrir 14 frístundahúsum er ljóst að þau komi ekki til með rísa öll í einu. Viðbúið er að uppbygging muni dreifast yfir margra ára tímabil.

Skipulagsnefnd tekur enn fremur undir álit Náttúrufræðistofnunar um að ólíklegt sé að áætluð uppbygging muni hafa mikil neikvæð áhrif á náttúru svæðisins enda sé áætluð frístundabyggð nálægt bæjarstæði Dranga.

Nefndin tekur jafnframt undir álit Náttúrufræðistofnunar að áhrif tilvonandi rasks verði minniháttar þar sem gras- og mólendisvistgerðir eru mjög algengar á svæðinu.

Umhverfisstofnun og Veðurstofa Íslands gerðu ekki athugasemdir við skipulagstillöguna í umsögnum sínum.

250.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun aðalskipulagsbreytinguna til staðfestingar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 ásamt tillögu skipulagsnefndar að svörum við athugasemdum og gerir að sinni. Breytingin verði send Skipulagsstofnun til staðfestingar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

## 1. Deiliskipulag í landi Dranga

*Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga að deiliskipulagi í landi Dranga. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir alls 14 frístundahúsalóðum, 440 m<sup>2</sup> hver en þar af eru tvö núverandi frístundahús. Á hverri lóð er einn byggingarreitur. Ein frístundahúsalóðin er staðsett í kringum súrheysturn sem verður endurbyggður sem frístundahús. Einnig er gert ráð fyrir að endurbyggja gömlu fjárhúsin í upprunalegri mynd og nýta þau sem sameiginlegt gistirými og samkomustað. Auk þess er gert ráð fyrir að endurbyggja og lagfæra hesthús og skemmu sem stendur við gamla bæinn.*

*Tillagan var auglýst frá 18. maí 2021 til og með 29. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ umsögn: Náttúrufræðistofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og Veðurstofa Íslands.*

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að æskilegt sé að í forsendukafli deiliskipulagsins komi fram að tillagan sé í samræmi við aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 og umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar.

Þá gerði stofnunin athugasemdir við orðalag og skilgreiningar varðandi almenna lýsingu um hreinsun fráveituvatns og benti á að frekar ætti að nota orðið fráveita eða rotþró og situr lögn, í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar. Þessu til viðbótar segir í umsögn

stofnunarinnar að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Jafnframt benti Umhverfisstofnun einnig á mikilvægi þess að skipulagssvæðið sé afmarkað á deiliskipulagsupprætti og að æskilegt sé að það komi fram hver fyrirhuguð stærð bygginga verður á svæðinu.

Brugðist hefur verið við framangreindum athugasemdum Umhverfisstofnunar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að vegna þess að mikið fuglalíf sé á svæðinu þurfi að taka tillit til þess að auknar mannferðir í tengslum við uppbygginguna geta haft áhrif á fuglalífið ef ekki er farið varlega. Skipulagsnefnd tekur undir með Náttúrufræðistofnun í þessum efnum en bendir á að fyrirhugaðar byggingar eru í nánd við bæjarstæði Dranga. Líkt og Náttúrufræðistofnun bendir á, er fuglalíf næst bæjarstæði Dranga aðlagað náþýli við manninn enda löng hefð fyrir t.d. æðarnytjum á jörðinni.

Skipulagsnefnd tekur auk þess undir þau orð Náttúrufræðistofnunar að jákvætt sé að áætlaðir byggingarreitir séu staðsettir utan kríuvarps.

251.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og Veðurstofa Íslands gerðu engar athugasemdir við skipulagstillöguna í umsögnum sínu.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði falið að senda Skipulagsstofnun deiliskipulagið til staðfestingar og auglýsing um gildistöku þess birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu að deiliskipulagi í landi Dranga ásamt tillögu skipulagsnefndar að svörum við athugasemdum og gerir að sinni. Breytingin verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30

